

Stjórnarbrjef og auglýsingar.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um* ⁸¹ *kærur út af laga-* ^{23. maí.}
brotum útlendra fiskimanna. — Eptir að ráðgjafinn hafði sent utanríkisráð-
 gjafanum þær nánari skýringar, er fylgdu þóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfðingi, frá
 29. janúar f. á., viðvikjandi skemmdum á æðarfuglavarpi í Melrakkaey á Grundarfirði inn-
 an vesturumdæmis Íslands, er skipverjar af frakknesku fiskiskipi, «Marie Désirée», eru
 sakaðir um að hafa framið haustið 1870, hefir nefndur ráðgjafi skýrt frá, að sendi-
 herra Danakonungs hafi ekki haft neitt upp úr ítrekaðri málaleitan út af þessu við hina
 frakknesku stjórn; hún hafi jafnan vísað honum á bug með það með kurteislegum ummæl-
 um. Utanríkisráðgjafinn hefir þar að auki, um leið og hann sendi skjal það frá hinum
 frakkneska utanríkisráðgjafa til hins danska sendiherra í París, er þessu brjefi fylgir eptir-
 irrit af, meðal annars tekið fram, að sendiherrann hafi út af þessu máli bent á, að sam-
 kvæmt skýrslum þeim, er prófin í málinu hafa inni að halda, og skjal ráðgjafans vísar á,
 virðist frakkneskir sjómenn og Íslendingar hafa þau mök hvorir við aðra, að ástæða sje
 til að ráða hinum íslenzku stjórnarvöldum til að fara varlega í slík mál; og er utanríkis-
 ráðgjafinn líka fyllilega á því. Tjeður ráðgjafi hefir enn fremur bætt því við, að hann hafi
 lengi sjeð það, á því sem komið hafi fyrir erindreka konungs bæði í París og Lundúnum,
 að hinar sifelldu kvartanir út af háttalagi útlendra fiskimanna við Ísland, hvort heldur það
 er út af því, að þeir láti ógreidd lögboðin gjöld, eður út af öðrum lagabrotum, baki hlut-
 aðeigandi stjórnöndum talsverða örðugleika, og þótt sjaldnast hafi að undanfögnu brostið
 góðar undirtektir frá þeirra hálfu, og utanríkisstjórninni hins vegar geti eigi dulizt, að eptir
 því sem til hagar á Íslandi verði aldrei komizt alveg hjá því, að hin danska stjórn megi
 til að láta erindreka sína bera fram kærur út af slíkum málum, hefir ráðgjafinn þó álitnið
 sjer skylt að leggja það til, að ekki sje eptirleiðis verið að koma með áminnstar kærur,
 nema þegar svo stendur á, að svo mikið er varið í málið í sjálfu sjer, að nokkurn veg-
 inn samsvari hinum miklu umsvifum, er fyrir þarf að hafa, eða þar sem til eru svo öflug
 rök við að styðjast, að öll líkindi eru til, að málið hafist fram án mjög stórkostlegrar fyr-
 irhafnar.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um* ⁸² *fiskiveiðar Færey-* ^{26. maí.}
inga á Austfjörðum. — Í þóknanlegu brjefi frá 2. október f. á. hafið þjer, herra
 landshöfðingi, skýrt frá, að komið hafi til alþingis bænaraskrá úr Norður-Múlasýslu um, að
 íbúar þessarar sýslu, sjer í lagi þeir, er búsettir eru kringum Norðfjörð og Seyðisfjörð,
 yrðu verndaðir gegn því, að Færeyingar tækju þátt í fiskiveiðum á nefndum fjörðum jafnt
 við landsmenn, án þess að greiða nein gjöld í landsparfir, svo sem helzt til spítalasjóðs-
 ins. Hafi þá þingmaður einn í efri deild þingsins lagt fram frumvarp til laga um bann
 gegn því, að aðrir en Íslendingar stunduðu fiskiveiðar við strendur Íslands innan land-
 helgi; frumvarp þetta hafi samt ekki verið samþykkt; en aptur á móti hafi þingdeildin á-
 lyktað, að vísa máli þessu til stjórnarinnar, í þeirri von, eptir því sem nefnd sú, er
 sett var í málið, kemst að orði á álitsskjali sínu, að spornað yrði við því, bæði að fiski-
 veiðum Íslendinga væri spillt af þeim, er að öðru leyti ekki leita sjer atvinnu hjer á landi,
 og að hinn íslenzki lækna sjóður færi á mis við þau gjöld af fiskiafla annara þegna við
 strendur landsins innan landhelgi, sem landsmenn verða sjálfir að greiða. Út af þessu
 hafið þjer, herra landshöfðingi, tekið fram, að þótt það hljóti að vera aðalreglan, eins og

Hinn 4. september 1876.